

Ísafirði 1. desember 2017

Ágæta stjórn deildar/félags

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2017 verður útnefndur 21. janúar 2018. Á sama tíma verðu efnilegasti íþróttamaðurinn heiðraður. Það er íþrótt- og tómstundanefnd sem sér um valið. Nefndin óskar eftir tilnefningu frá ykkar félagi og þarf hún að berast fyrir **föstudaginn 12. janúar í lokuðu umslagi til HSV**. Reglur um val íþróttamanns Ísafjarðarbæjar má sjá á fylgiskjali.

Upplýsingar sem beðið er um:

Við valið er tekið tillit til afreka á yfirstandandi ári, félagslegs styrks íþróttamannsins og þess hvernig fyrirmynd hann er börnum og unglíngum í bæjarfélaginu.

Fram þarf að koma nafn, heimilisfang og kennitala íþróttamannsins og þess efnilega, hve lengi hann hefur æft hjá félaginu, hve lengi hann æfði á árinu, helsti árangur og titlar sem hann vann á árinu, upplýsingar um félagslega hlið íþróttamannsins og önnur atriði sem þið teljið að lýsi íþróttamanninum sem best. Nefndin óskar eftir afrekaskrá íþróttamannsins og rökstuðningi félagsins fyrir tilnefningunni. **Þá þarf að útbúa stuttan kynningartexta, u.þ.b. 6 línur í 14 punkta letri, en hann verður lesinn upp við útnefninguna.**

Vinsamlegast hafið upplýsingarnar sem nákvæmastar svo hægt verði að styðjast sem best við þær við valið á íþróttamanni Ísafjarðarbæjar 2017 og þeim efnilegasta og sendið HSV fyrir **12. janúar**. Vandíð kynningartexta sem lesa skal upp á hátíðinni. Hvorki er tekið við munnlegum tilnefningum né tilnefningum sem berast eftir síðasta skiladag. Það er á ábyrgð íþróttafélaganna að boða þá íþróttamenn sem tilnefndir eru á hátíðina. Jafnframt þarf félagið að láta boð ganga til stjórnar og annarra félaga þess efnis að allir séu velkomnir.

Esther Ósk Arnórsdóttir
Tómstundafulltrúi Ísafjarðarbæjar